

## Gullin í grenndinni febrúar 2019

**Heiti verkefnis:** Fróðleikur um Spörfugla, að gefa smáfuglum í skóginum, leikur og samvera.

### Markmið verkefnis

Að nemendur fræðist um fugla, hvað þeir borða og hvaða fuglategundir (spörfugla) má finna í nærumhverfinu okkar. Nemendur gefa smáfuglum og fara í skipulagðan leik.

Gott að vera búin að prenta út verkefnablaðið þannig að allir hópstjórar hafi eitt eintak.

### Verkefnalýsing

Þegar nemendur koma í skógin er þeim skipt í fjóra hópa. Þau fara á staðinn sem þau völdu sér í síðustu ferð. Nemendur og kennarar kynna sig og finna tréð sem valið var í október.

Kennari les upp smá fróðleik um fuglana, sjá hefti. Börnin athuga hvort þau sjái einhverja fugla og gefa þeim fóður. ATH. leikskólinn er með brauðmylsnu en skólinn fuglafóður.

Farið verður í einn skipulagðan leik, sjá verkefnablað.

Að lokinni verkefnavinnu hittast allir hóparnir og fá sér skógarsafa og síðan er frjáls leikur.

### Undirbúningur, námsefni, tæki og tól

Leikskólinn tekur með brauðmylsnu en skólinn fuglafóður.

Kennarar og leikskólakennarar eru með hefti/bók um fugla og leiðbeiningar um einn skipulagðan leik.

Á fuglavefnum, [fuglavefurinn.is](http://fuglavefurinn.is) má einnig finna fróðleik um Spörfugla, skoða myndir af þeim og heyra í þeim hljóðið. Við hvetjum kennara til að leyfa börnunum að skoða vefinn fyrir ferð.

ATH. í mars verður áfram unnið með fugla og verkefni mars mánaðar er að fara með fóðurrólu (epli) í skógin.

